

Föstudaginn 14. ágúst 1998.

Nr. 301/1998. **Hauður Helga Stefánsdóttir**

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

Þrotabúi Byggðalands ehf.

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. júlí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 10. júlí 1998, þar sem staðfest var ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði um að greiða andvirði þriggja sumarhúsa í smíðum auk gólfgrindar, sem seld voru nauðungarsölu 18. mars 1998, skiptastjóra varnaraðila. Kæruheimild er í l. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir sýslumanninn í Hafnarfirði að úthluta nauðungarsöluandvirði því, sem í málinu greinir, samkvæmt ákvæðum XI. kafla laga nr. 90/1991. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 10. júlí 1998.

Ár 1998, föstudag 10. júlí, er Héraðsdómur Reykjaness settur í húsi dómsins að Brekkugötu 2, Hafnarfirði. Fyrir er tekið mál nr. Z-4/1998:

Hauður Helga Stefánsdóttir gegn þb. Byggðalands ehf. og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I.

Sóknaraðili, Hauður Helga Stefánsdóttir, kt. 100658-6079, Klapparstíg 9, Keflavík, leitaði með tilkynningu, dagsettri 22. apríl sl., úrlausnar Héraðsdóms Reykjaness um ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði um úthlutun nauðungarsöluandvirðis þriggja sumarhúsa í smíðum ásamt gólfgrind, sem seld voru nauðungarsölu 18. mars 1998. Krefst sóknaraðili þess, að lagt verði fyrir sýslumann að úthluta nauðungarsöluandvirðinu samkvæmt ákvæðum XI. kafla laga nr. 90/1991. Í tilkynningu sinni frá 22. apríl sl. beindi sóknaraðili öllum kröfum sínum að sýslumanninum í Hafnarfirði, en eftir að varnaraðili, þb. Byggðalands ehf. tók við aðild að málinu, er bókað eftir honum, að hann beini málskostnaðarkröfu að varnaraðila, og setti það ekki athugasemdum af hálfu hans.

Varnaraðili, þb. Byggðalands ehf., kt. 660371-0369, krefst þess, að ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði, sem tilkynnt var með bréfi, dags. 8. apríl 1998, um að úthluta nauðungarsöluandvirði þriggja sumarhúsa í smíðum auk gólfgrindar skiptastjóra þrotabús uppboðspóla, verði staðfest og sóknaraðili verði dæmdur til þess að greiða varnaraðila málskostnað að skaðlausu.

Mál þetta er borið undir Héraðsdóm Reykjaness á grundvelli 73. gr. laga nr. 90/1991.

II.

Í meginatriðum er ekki ágreiningur um málavexti, sem eru í stórum dráttum á þessa leið:

8. október 1997 lagði sóknaraðili fram beiðni hjá sýslumanninum í Hafnarfirði um nauðungarsölu þá, sem hér um ræðir. Var nauðungarsölu-beiðnin reist á fjárnámi, sem gert hafði verið að kröfu sóknaraðila í nauðungarsöluandlaginu 30. september 1997. Fór nauðungarsala fram 17. mars 1998, og annaðist fulltrúi sýslumanns í Hafnarfirði framkvæmd hennar. Viðstaddur nauðungarsölu þessa var m. a. Jón Auðunn Jónsson hdl., skipaður skiptastjóri varnaraðila, og upplýstist þá í þann mund, sem uppboðið átti að hefjast, að félagið hefði verið úrskurðað gjaldþrota 13. mars 1998. Voru nauðungarsöluandlögin síðan seld með samþykki eða að ósk skiptastjóra, og nam heildarsöluverð þeirra 1.181.000 krónum.

20. mars 1998 krafðist sóknaraðili þess, að í sinn hlut kæmu 398.279 krónur af uppboðsandvirðinu til greiðslu á þeim útlagða kostnaði, sem hún hefði haft af nauðungarsöluinni. Með bréfi sýslumannsins í Hafnarfirði, dagsettu 8. apríl, var sóknaraðila tilkynnt, að úthlutun uppboðsandvirðisins

hefði farið fram samkvæmt fyrirmælum 7. greinar laga nr. 90/1991, og hefði krafa sóknaraðila í uppboðsandvirðið verið send skiptastjóra varnaraðila. Sama dag afhenti sýslumaður þrotabúinu söluandvirðið að frádregnum lögboðnum gjöldum, samtals 894.830 krónur.

III.

Sóknaraðili styður kröfu sína því, að ákvörðun sýslumanns um úthlutun nauðungarsöluandvirðisins til skiptastjóra varnaraðila sé ólögmæt. Hafi nauðungarsalan farið fram á ábyrgð og að kröfu sóknaraðila með samþykki skiptastjóra, og sé sýslumanninum í Hafnarfirði af þessum sökum ekki heimilt að senda skiptastjóra „málið“ til frekari úthlutunar. Reisir hún þau mótmæli sín á því, að nauðungarsalan hafi ekki farið fram með heimild í 7. gr. laga nr. 90/1991, heldur samkvæmt nauðungarsölubeiðni sóknaraðila. Skiptastjóri hafi ekki gert neina sérstaka kröfu um nauðungarsölu, heldur aðeins samþykkt, að nauðungarsalan færi fram. Sóknaraðili hafi gert kröfu um úthlutun úr nauðungarsöluandvirði hinna seldu muna og eigi skýlausan rétt á því, að sýslumaður taki afstöðu til þeirrar kröfu, áður en úthlutun hans á því fer fram, sbr. 50.–54. gr. laga nr. 90/1991, sbr. 68. gr. sömu laga. Hafi sýslumaður ekki kynnt áform sín um að senda málið til skiptastjóra og sóknaraðili af þeim sökum ekkert tækifæri fengið til þess að neyta andmælaréttar og fá bókun andmæli, sem hún telur sig eiga rétt á samkvæmt 51. og 52. gr. nsl.

Varnaraðili kveðst hafa talið, er hann kom á uppboðsstað, að það þjónaði ekki hagsmunum varnaraðila, að dráttur yrði á sölu sumarbústaðagrindanna, og hafi hann þess vegna með vísun til 4. mgr. 116. gr. laga nr. 21/1991 óskað eftir því, að nauðungarsala færi þegar fram. Eftir uppboðið hafi fulltrúi sýslumanns talið varnaraðila einan uppboðsbeiðanda í samræmi við 7. gr. laga nr. 90/1991, og því bæri sér að úthluta þrotabúinu öllu andvirði hinna seldu muna. Í samræmi við þetta og orðalag ákvæðisins að öðru leyti sé sýslumanni rétt að úthluta ekki söluandvirðinu eftir ákvæðum VII. kafla nsl., heldur afhenda það skiptastjóra. Verði þeir, sem telji sig eiga rétt til andvirðisins eða hluta þess, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra í samræmi við ákvæði gpl. Því hafi ákvörðun sýslumanns verið í réttu samræmi við reglur nsl. og auk þess samræmt réttum reglum um meðferð eigna þrotabús. Það sé ekki á færi sýslumanns að taka afstöðu til réttthæðar krafna í þrotabú, og því geti hann ekki tekið afstöðu til þess, hvort krafa sóknaraðila nyti veðréttar í eignum þrotabúsins eða hvort sá veðréttur hafi fallið niður eftir ákvæðum 138. gr. gpl. Afstöðu til þessara atriða hljóti skiptastjóri að taka að fenginni kröfulýsingu. Geti sýslumaður ekki ráðstafað eignum þrotabús með þessum hætti, fari sú ráðstöfun í bága við afstöðu

skiptastjóra. Við töku bús varnaraðila til gjaldprotaskipta tekur þrotabúið við öllum þeim fjárhagslegu réttindum, sem hann á við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar, og breyti afstaða sýslumanns til kröfu sóknaraðila engu í því efni, að því er varði rétt búsins til þeirra fjármuna, sem fengust við sölu eigna búsins á uppboðinu. Fjárnám sóknaraðila hafi verið gert innan sex mánaða fyrir frestdag við skiptin og falli því sjálfkrafa niður við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðarins, eins og 138. gr. gjaldprotaskiptalaga mælir fyrir um. Þannig hafi réttindi sóknaraðila yfir hinum seldu eignum verið fallinn niður, þegar nauðungarsalan fór fram. Bæði krafa hennar og sá kostnaður, sem á hana var fallinn vegna aðfarar og fullnustuaðgerða, naut því ekki lengur veðtryggingar í þessum eignum, heldur hafði hún stöðu almennra krafna í þrotabúið samkvæmt 113. gr. gpl. Hefði sýslumaður orðið við kröfu sóknaraðila og úthlutað henni 398.279 krónum, hefðu ákvæði gpl. leitt til þess, að hún hefði orðið að afhenda skiptastjóra þrota-búsins þessa fjármuni, svo að slík ráðstöfun sýslumanns hefði ekki neitt endanlegt gildi fyrir sóknaraðila.

IV.

Í máli þessu er um það deilt, hvort sýslumanni hafi borið að úthluta sölu-verði þeirra lausafjármuna, sem hann seldi nauðungarsölu 17. mars 1998, eftir reglum VIII. kafla laga nr. 90/1991 eða greiða það skiptastjóra að frádregnum kostnaði vegna sölunnar, eins og ráð er fyrir gert í greinargerð með lögunum, að túlka beri 7. gr. laganna, þar sem heimilað er að koma eign þrotabús í verð eftir reglum frumvarpsins.

Óumdeilt er, að Byggðaland ehf. var tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 13. mars 1998. Lögfylgjur slíks úrskurðar eru þær samkvæmt 72. gr. 1. nr. 21/1991, að jafnskjótt sem dómari hefur kveðið upp úrskurð sinn, tekur þrotabúið við öllum fjárhagslegum réttindum, sem skuldari átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðarins, nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttindanna eða löggerningi, sem verði ekki hnekkt vegna gjaldprotaskiptanna. Ljóst er, eins og máli þessu er háttað, að meginfyrirmæli lagagreinarinnar eiga við, enda hefur ekki verið reynt að sýna fram á, að svo sé ekki.

Ekki sætir það heldur ágreiningi, að nauðungarsalan gat ekki farið fram nema að fullnægðum fyrirmælum 4. mgr. 116. gr. laga nr. 21/1991.

Í staðfestu endurriti úr lausafjárnám sýslumannsins í Hafnarfirði, sem lagt hefur verið fram í dóminum, segir, að skiptastjóri þb. Byggðalands hafi sótt uppboðið fyrir hönd þrotabúsins og samþykkt, að nauðungarsalan færi fram. Í athugasemdum uppboðshaldara segir, að ljóst hafi verið við uppboðssölu, að fjárnám það, er sóknaraðili hafði sem uppboðsheimild, var

fallið úr gildi og að uppboð gæti ekki farið fram nema að beiðni skiptastjóra.

Ekki verður talið, að neinu breyti í þessu sambandi, hvort uppboð það, sem hér um ræðir, hafi farið fram með samþykki eða að beiðni skiptastjóra, þannig, að sóknaraðili í þessu máli geti með einhverjum hætti öðlast rétt umfram aðra þá, sem lýsa kröfum sínum í þrotabú varnaraðila á þeim grundvelli, að um samþykki hafi fremur verið að ræða en beiðni. Verði að líta svo á, að í ákvörðun skiptastjóra hafi falist sú ráðagerð, að hann væri með henni að koma eignum þrotabúsins í verð því til hagsbóta. Þeir, sem telja sig eiga rétt til andvirðisins, eiga þess síðan kost að lýsa kröfu sinni fyrir skiptastjóra eftir reglum gjaldþrotaskiptalaga. Þeir, sem eiga kröfur í þrotabú, verða að beygja sig undir þær reglur, sem um þau gilda, og fær skiptastjóri þar engu um breytt.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, telur dómari, að sýslumanni hafi verið rétt og skylt að líta á þrotabú varnaraðila sem eina gerðarbeiðandann og að um hafi verið að tepla nauðungarsölu eftir ákvæðum 7. gr. laga nr. 90/1990 og af þeim sökum rétt að greiða skiptastjóra þrotabúsins söluverðið að frádregnum sölukostnaði. Er því fallist á dómkröfur varnaraðila í máli þessu og staðfest sú ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði í bréfi, dagsettu 8. apríl 1998, að greiða skiptastjóra varnaraðila nauðungarsöluandvirði þriggja sumarhúsa í smíðum auk gólfgrindar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðila til þess að greiða varnaraðila málskostnað, eins og í úrskurðarorði greinir.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði um að greiða nauðungarsöluandvirði þriggja sumarhúsa í smíðum auk gólfgrindar, sem seld voru nauðungarsölu 18. mars 1998, skiptastjóra varnaraðila, þb. Byggðalands ehf.

Sóknaraðili, Hauður Helga Stefánsdóttir, greiði varnaraðila 75.000 krónur í málskostnað.